

# MOSFELLINGUR

6. tbl. 8. árg. miðvikudagur 22. apríl 2009. Dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Mosfellsbæ, á Kjalarnesi og í Kjós



## AFTURELDING 100 ÁRA

Minnismerki afhjúpað á þeim stað sem félagið var stofnað

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar og Jón Pálsson formaður Aftureldingar við minnismerkið á afmælisdegi félagsins.

Mynd/Hilmar

### EIGN VIKUNNAR


#### Arnartangi – Endaraðhús



Fallegt 94 fm endaraðhús á einni hæð við Arnartanga í Mosfellsbæ. Í húsinu eru 3 svefnherbergi. Skjólgóð og stór hornlóð með timburverönd. **V. 22,9 m.**



Kjarna · Þverholti 2 · 270 Mosfellsbær · S. 586 8080  
Einar Páll Kjærnested, lögg.fasteignasali · [www.fastmos.is](http://www.fastmos.is), [www.eignamidlun.is](http://www.eignamidlun.is)



## RÉTTINGAVERKSTÆÐI

# Jóns B. ehf

Flugumýri 2, Mosfellsbæ  
Símar: 566 7660 og 697 7685  
[jonrett@internet.is](mailto:jonrett@internet.is)

Ný  
**CABAS**  
tjónaskoðun



Vottað  
verkstæði

Þjónustuverkstæði  
útvægum bílaleigubíla



# MOSFELLINGUR

mosfellingur@mosfellingur.is  
www.mosfellingur.is

**Útgefandi:** Mosfellingur ehf.  
Skeljatanga 39, sími: 694-6426  
**Ritstjóri og ábyrgðarmaður:**  
Hilmar Gunnarsson  
**Blaðamaður:** Ruth Örnólfsdóttir  
ruth@mosfellingur.is  
**Umbrot og hönnun:** Mosfellingur  
**Prófkör:** Hjördis Kvaran Einarsdóttir  
**Ljósmyndari:** Magnús Már Haraldsson

Tekið er við aðsendum greinum á netfangið  
mosfellingur@mosfellingur.is og skulu þær  
ekki vera lengri en 500 orð.

**Mosfellingur kemur út að  
jafnaði á þriggja vikna fresti.**

**Næsta blað kemur út 15. maí**

## Sögulegt bréf frá 1959

Ungmennafélagið Afturelding fagnar nú 100 ára afmæli sínu með myndarbrag. Á afmælisdaginn opnaði aðalstjórn félagsins skemmtilegt bréf sem skrifað var fyrir 50 árum. Mosfellingur birtir nú bréfið í heild sinni. Ýmislegt fróðlegt má lesa úr því en greinilegt er að leiklistarstarfsemi innan félagsins var mjög öflug á þessum tíma.



Hilmar Gunnarsson, ritstjóri

Meðal þess sem óskað var í bréfinu er að hægt verði að sýna „stórbrotið leikverk í Hlégarði eftir íslenzkan höfund á 100 ára afmælinu“. Má segja að leikfélag Mosfellsuveitar hafi tekið áskoruninni og frumsýnir nú nýtt íslenskt leikrit eftir Mosfellinginn Maríu Guðmundsdóttur þann 2. maí.

Fjallað er ítarlega um afmæli Aftureldingar í blaðinu að þessu sinni en einnig er kosið til Alþingis á laugardaginn eins og flestir vita og ber blaðið þess merki.

Afturelding lengi lifi!  
Húrra, húrra, húrra, húrra.



www.isfugl.is



## Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU...

Þessi mynd var tekin fyrir réttum 50 árum þegar malarvöllurinn á Varmá var vígður. Hér má sjá knattspyrnulið Aftureldingar, í fremri röð eru frá vinstri: Tómas Lárusson, Daniel Benjamínsson, Níels Hauksson, Óskar Sigurbergsson og Sigurður Skarphéðinsson. Í aftari röð eru frá vinstri: Sveinn H. Skúlason, Skúli Skarphéðinsson, Halldór Lárusson, Anton Sigurðsson, Friðrik Pétursson og Halldór Sigurðsson. Malarvöllurinn var stór áfangi í sögu Aftureldingar, hann var fyrsta íþróttamannvirkið á Varmársvæðinu og því full ástæða til að rétta fyrirliðanum Tomma Lár veglegan blómvönd. Nú er örðuvísi um að litast á Varmársvæðinu, þar eru tveir gervi-grasvellir, íþróttaleikvangur, sundlaug og tvö íþróttahús. Til hamingju með aldarafmælið Afturelding.

Gleðilegt sumar!

Bjarki Bjarnason



**HÉÐAN OG ÞAÐAN**



## Frjálslyndi flokkurinn í Suðvesturkjördæmi

**Kosningaskrifstofa**

okkar er að

Nýbýlavegi 18 í Kópavogi  
símar 5556032 og 5556033.

Opið 17 - 19 alla daga.

Í Mosfellsbæ að Þverholti 5,  
sími 5520550

Verið velkomin í kaffi og spjall



Kolbrún Stefánsdóttir  
1. sæti



Helgi Helgason  
2. sæti

Getur þú fundið Benjamín falinn í blaðinu?



# EIGNAMIÐLUN

## Mosfellsbæ

Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080  
Einar Páll Kjærnested, lögg.fasteignasali  
www.fastmos.is, www.eignamidlun.is



### Spóahöfði – Útsvni

Mjög falleg 208,4 fm efri sérhæð með innbyggðum bílskúr í útjaðri byggðar. Hús teiknað af Kjartani Sveinssyni. Fjögur svefnherbergi. Sérsmíðaðar innréttingar, vönduð eldhústæki. Náttúrusteinn og parket á gólfum. Glæsilegt útsýni er yfir golfvöllinn, niður að Leirvoginum og út á Faxaflóa og til Esjunnar. Mjög stórar verandir eru í kringum húsið. Heitur pottur. **Frábær staðsetning.**  
**V. 53,9 m.**



### Hlíðartún - Einbýlishús

Einstakt 189,2 fm einbýlishús með gróðurhúsi, vinnuskúr og sundlaug við Hlíðartún í Mosfellsbæ. Þetta er mjög sérstök eign á gróðursælum stað í eista hverfi Mosfellsbæjar. Íbúðarhúsið eru 140,7 fm, en auk þess er kjallari undir hluta hússins. Við húsið eru sambyggt 23,4 fm vinnuskúr og 15 fm gróðurhús.  
**V. 39,7 m.**



### Hjarðarland - Parhús

Mjög glæsilegt 203,9 fm parhús á tveimur hæðum með miklu útsýni. Falleg aðkoma er að húsinu, skjólgóð lóð og hellulagt bílaplan.  
**Seljandi skoðar skipti á minni eign!**  
**Asett verð var kr. 46.700.000 - eignin fæst nú á 42.400.000 kr.**



### Kvíslartunga 9 - Parhús

Glæsilegt 286 fm tvílyft parhús á frábærum útsýnisstað við Kvíslartungu 9 í Mosfellsbæ. Húsið er einkar reisulegt og stílhreint með mikilli lofthæð og stórum útsýnisgluggum auk um 60 fm svala. Húsið er rúmlega fokhelt, útteggir eru einangraðir að utan og múraðir.  
**Asett verð var kr. 47.750.000.- en eignin fæst nú á 37.750.000 kr. í beinni sólu.**



### Fálkahöfði - Endaraðhús

Mjög fallegt 148 fm endaraðhús á einni hæð, með innbyggðum bílskúr við Fálkahöfða í Mosfellsbæ. Í húsinu eru þrjú rúmgóð svefnherbergi. Mikil lofthæð er í húsinu sem gerir það bjart og skemmtilegt. Stórt bílaplan fyrir framan húsið er hellulagt, með snjóbræðslu og góðar verandir með skjólveggjum.  
**V. 39,9 m.**



### Laxatunga - Ný raðhús

Vorum að fá í sölu ný 172,5 fm raðhús með innbyggðum bílskúr sem verða afhent fullbúin með innréttingum og gólfefnum á verði sem ekki hefur sést í langan tíma. 3 svefnherbergi, 2 baðherbergi - hvítar innréttingar og eikarparket og flísar á gólf. Áhv. eru 20 millj. kr. ÍLS lán.  
**Skripti á minni eign skoðuð!**  
**Verð frá 38,7 m.**



### Litlikriki 2 - 4ra herbergja

Ný og glæsileg 126 fm, 4ra herbergja íbúð á 2. hæð í nýju glæsilegu 3ja hæða lyftuhúsi við Litlikrika 2 í Mosfellsbæ. Íbúðin er fullbúin með eikarinnréttingum. Eikarparket og flísar eru á gólfum.  
**Íbúðin er tilbúin til afhendingar!**  
**V. 32,5 m.**



### Hjallahlíð-4ra herb.+ bílskúr

Falleg 4ra herb. íbúð á jarðhæð í litlu fjórþýli m/sérinngangi og timburverönd við Hjallahlíð í Mosfellsbær. Íbúðin skiptist í forstofu, þrjú svefnherbergi, geymslu/þvottahús, baðherbergi, stofu og eldhús. Bílskúrinn er 27,7 fm með rafmagni og hita. Við hlíð inngangs í íbúðina er einangruð útteigeymsla.  
**V. 30,8 m.**



### Fálkahöfði - 4ra herbergja

**121,9 fm, 4ra herbergja íbúð á jarðhæð með sérinngangi og sérgarði í góðu fjölþýlishúsi.** Íbúðin er björt og rúmgóð með stórum herbergjum, stofu, borðstofu, eldhúsi með góðum borðkróki, baðherbergi með baðkari og sturtulefa og sér þvottahúsi.  
**V. 26,5 m.**



### Þratarhöfði - 3ja herbergja

Falleg 104,3 fm, 3ja herbergja endaíbúð á efstu hæð í 3ja hæða fjölþýli ásamt staði í bílageymslu við Þratarhöfða 4-6 í Mosfellsbæ. Mjög glæsilegt útsýni er úr íbúðinni, bæði til suðurs, norðurs og vesturs. Þetta er ein flottasta útsýnisíbúðin í Mosfellsbæ!  
**Íbúðin er laus til afhendingar strax!**  
**V. 25,9 m.**



### Tröllateigur - 3ja herbergja

Falleg 121,9 fm, 3ja herbergja íbúð á 3. hæð ásamt bílastæði í bílakjallara í glæsilegu fjölþýli við Tröllateig í Mosfellsbæ. Vönduð og fallega innréttuð íbúð með fallegu útsýni til suðvesturs. Eikar parket og ljósar flísar eru á gólfum, innihurðar og innréttingar eru spónlagðar með eik.  
**V. 26,9 m.**



### Klapparhlíð - 2ja herbergja

Falleg 66,9 fm, 2ja herbergja íbúð með sérinngangi á 2. hæð í 3ja hæða fjölþýli við Klapparhlíð 30 í Mosfellsbæ.  
**Íbúðin er laus til afhendingar!**  
**V. 17,9 m.**



### Litlikriki 24 - lóð + steyptr

809,1 fm einbýlishúsaloð ásamt steyptri plötu og teikningum af 251,5 fm einbýlishúsi á einni hæð við Litlikrika 24. Búíð er að steypa upp sökkuð með plötu og í plötuna er búíð að leggja hita-, vatns- og skólplagnir.  
**Asett verð var kr. 24.800.000.- en fæst nú á kr. 15.000.000 stgr.**



## Heilsulind opnuð að Lágafelli

Opnuð hefur verið ný Heilsu- og hamingjulind við Íþróttamiðstöðina Lágafell. Það eru hjónin Lilja Petra Ásgeirsdóttir höfuðbeina- og spjaldhryggssjafnari og Erlendur Magnús Magnússon heilsunuddari ásamt Ágústu Nelly Hafsteinsdóttur snyrti-fræðingi sem standa að henni. Markmið heilsulindarinnar er að veita persónulega þjónustu til að auka vellíðan og gleði. Hægt er að velja um að fá höfuðbeina- og spjaldhryggisþöfnun í vatni eða á bekk en vatnsmeðferð er talin um þrisvar sinn- um áhrifaríkari en hefðbundin meðferð. Í fyrsta sinn er í boði í Mosfellsbæ; tyrkneskt það og saltskrúbb. Einnig er boðið upp á NES heilsuæfingu, ýmsar nuddmeðferðir, heilun, verkja- og áfallameðferðir auk litunar, plokkunar og vaxmeðferða. Á sama stað er hægt að fara í gufubað og sund í Lágafellslaug.

## MOSFELLINGUR á vaktinni



Mosfellingur kannaði verð á bensíni á þeim þremur bensínafgreiðslustöðum sem eru í Mosfellsbæ. Verðið miðast við sjálfsafgreiðslu.

### Atlantsólía

Bensín: 152,3  
Dísel: 158,1

### NI

Bensín: 153,4  
Dísel: 1 59,2

### Olís

Bensín: 153,8  
Dísel: 159,6

Mosfellsbær lét reisa minnisvarða á þeim stað sem Afturelding var stofnuð

# Minnismerki afhjúpað að Lágafelli

Ungmennafélagið Afturelding varð 100 ára laugardaginn 11. apríl. Í tilefni aldarafmælisins lét Mosfellsbær útbúa og setja upp minnismerki við Lágafellskirkju, á þeim stað sem Afturelding var stofnuð. Minnismerkið var afhjúpað að loknum sérstökum stjórnarfundum félagsins sem haldinn var á afmælisdaginn.

## Blómlegt og öflugt íþróttastarf

„Saga Aftureldingar og Mosfellsbæjar er nánast samvinnuð, svo ríkan sess hefur félagið skipað í sögu og menningu Mosfellsveitar og síðar Mosfellsbæjar. Mosfellsbær hefur löngum státað af blómlegu og öflugum íþróttastarfi og er það einna helst að þakka því kjarnmikla fólki sem starfað hefur á vegum Aftureldingar í heila öld. Það er margsam- að að íþróttir hafa verulegt for- varnargildi á mörgum sviðum og því eru Mosfellingar þakklátir því óeigingjarna starfi sem Afturelding hefur unnið í þágu mosfellskra barna og ungmenna í hundrað ár,“ segir Haraldur Sverrisson bæjarstjóri.

## Þjónustubygging ris að Varmá

Í tilefni afmælisins lýsti Mosfellsbær því yfir að ákveðið hefur verið að byggja 1100 fermetra þjónustubyggingu við Íþróttamiðstöðina að Varmá og hefur Mosfellsbær í samráði við fulltrúa Aftureldingar gert ráð fyrir veglegri skrifstofu og félagsaðstöðu fyrir félagið í þeirri byggingu. Hafist verður handa við byggingu hússins um leið og tekist hefur að fjármagna verkefnið með viðunandi hætti.



Valdimar Leó Friðriksson formaður UMSK og Jón Pálsson formaður Aftureldingar.



Bæjarstjórn Mosfellsbæjar og aðalstjórn Aftureldingar við minnisvarðann að Lágafelli.



## Hátíðarhöld í kvöld og á morgun

Á afmælisdaginn opnaði stjórn Aftureldingar jafnframt bréf sem þáverandi stjórn sendi inn í framtíðina fyrir fimmtíu árum. Bréfið má sjá hér á næstu síðu en í því kemur m.a. fram að verið væri að vígja ný-

an malarvöll sem tekið hefði átta ár að útbúa. Bréfið hefur verið geymt á Héraðsskjalasafni Mosfellsbæjar.

Mikil hátíðarhöld verða í Mosfellsbæ í kvöld og á morgun, sumardaginn fyrsta í tilefni aldarafmælisins.

## Nánar um Aftureldingu:

Afturelding er eitt elsta starfandi íþróttafélag landsins og var það stofnað 11. apríl 1909. Í dag telur félagið um 3800 félagsmenn. Um 1200 iðkendur æfa og keppa á vegum félagsins í 11 deildum. Starfsmenn aðalstjórnar eru tveir en yfir 40 þjálfarar og aðrir starfsmenn starfa innan deilda félagsins. Hátt í 100 sjálfboðaliðar starfa fyrir Aftureldingu í stjórnun og nefndum. Félagið á lögheimili í Mosfellsbæ og er aðsetur þess í Íþróttamiðstöðinni að Varmá.

# UMFA



1909-2009

## KIRKJUSTARFIÐ

www.lagafellskirkja.is



## Helgihald næstu vikur:

### 26. apríl

Fermingarguðsþjónusta í Lágafellskirkju kl. 10:30  
Fermingarguðsþjónusta í Mosfellskirkju kl. 13:30

### 3. maí Guðsþjónusta

í Lágafellskirkju kl. 11

### 10. maí

Guðsþjónusta í Lágafellskirkju / ferming kl. 11

Vorhátíð barna- og æskulýðs- starfs Lágafellskirkju í samvinnu við Æskulýðsnefnd Kjalarness- prófestsdæmis í Kaldárseli kl. 13:30. Hópfærð (allir í sínum bílum) frá Lágafellskirkju kl. 13

Vorhátíðin verður haldin þann 10. maí á svæði sumarbuða KFUM & KFUK í kaldárseli. Á dagskrá eru leikir, ratleikir, söngur, grín, töfrar og grill. Sjá nánari auglýsingu á heimasíðu kirkjunnar.



## SÓKN Í SÓKN

– LIFANDI SAMFÉLAG

Vertu með í sókninni!

# Vinna og velferð

Verðmætasköpun og atvinna eru forsenda þess að haldið sé uppi öfluggu velferðarsamfélagi. Efnahagsleg endurreisn byggir á að fyrirtæki og heimili njóti lágra vaxta og gengisstöðugleika. Samfylkingin hefur einn flokka skýra stefnu um upptöku evru með aðild að Evrópusambandinu, sem leggur grunn að vinnu og velferð til framtíðar.

## Á undanförunum tveimur árum hefur Samfylkingin:

- Komið á greiðsluadlögun
- Hækkað tekjutengdar barnabætur
- Hækkað persónuafslátt
- Afnumið tekjutengingu bóta lífeyrisþega við tekjur maka
- Tryggt almenningi eignarhald á orkuauðlindum
- Hækkað vaxtabætur um 70%
- Auðveldað sprotafyrirtækjum að ráða til sín fólk í atvinnuleit
- Hækkað greiðslur til lífeyrisþega um 42%

## Á nýju kjörtímabili ætlar Samfylkingin að:

- Sækja um aðild að Evrópusambandinu og leggja aðildarsamning í dóm þjóðarinnar. Þannig getum við:
  - Afnumið gjaldeyrishöft og lækkað vexti hratt
  - Afnumið verðtrygginguna
  - Lagt grunn að sjálfbærum hagvexti til lengri tíma
  - Tekið upp evru
- Auka nýsköpun í atvinnulífi með auknum framlögum til rannsóknarsjóða
- Byggja velferðarbrú og beita raunhæfum aðgerðum til að bæta hag heimilanna
- Tryggja velferðarþjónustu óháð efnahag

## Við þurfum þinn stuðning á laugardaginn!



Þau leiða lista Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi: Lúðvík Geirsson (5. sæti), Þórunn Sveinbjarnardóttir (3. sæti), Árni Páll Árnason (1. sæti), Katrín Júlíusdóttir (2. sæti) og Magnús Orri Schram (4. sæti).

Kosningakaffi í kosningamiðstöð Samfylkingarinnar á kjördag í Þverholti 3 frá kl. 10 til 22. Allir velkomnir! Kosningamiðstöðin er opin alla daga fram að kosningum frá kl. 17 til 21.

Nánari upplýsingar um kosningabaráttuna og akstur á kjördag í síma: 618 3346

[www.xs.is](http://www.xs.is)

Bréf til stjórnar UMFA 11. apríl 2009 frá stjórn 11. apríl 1959

## Bréfið úr fortíðinni

Á afmælisdegi Aftureldingar þann 11. apríl var haldinn opinn hátíðar-aðalstjórnarfundur á 2. hæð í Kjarna. Þar var opnað 50 ára gamalt bréf sem ritað var af aðalstjórn félagsins 1959. Núverandi stjórn las einnig upp úr samskonar bréfi til þeirra sem verða við stjórnvölinn eftir 50 ár.

Mosfellingur birtir hér bréfið frá því 1959 í heild sinni:

Til stjórnar U.M.F. Aftureldingar 11. apríl árið 2009.

Við, sem erum í stjórn U.M.F. Aftureldingu í dag 11. apríl 1959, sendum ykkur, sem sitjið í stjórn félagsins 11. apríl 2009, okkar beztu kveðjur og árnaðaróskir.

Það mun vera nýstárlegt að senda óbornum kveðjur, því sennilega eruð þið öll ófædd í dag. En við brjótum þá venju, og vonum að bréf þetta verði ykkur einhvers virði, þegar það berst ykkur í hendur á eitthundrað ára afmæli félags okkar.

Það hefur verið mikil starfsemi í þessu félagi undanfarna hálfu öld, og í dag höldum við uppi fjölbættri íþróttastarfsemi, og einnig er skák og bridge mikið iðkað af félagsmönnum. Leiklistarstarfsemi er í allmiklum blóma innan félagsins, og yfir vetrarmánuðina eru kvöldvökur haldnar í Hlégarði fyrir félagsmenn og aðra sveitunga.

Nú í vor, mun verða fullbyggður malarvöllur, sem félagið hefur haft í byggingu s.l. 8 ár. Er það fyrsti áfangi í byggingu íþróttasvæðis á Varmáartúni, en á næstu 50 árum vonum við, að takast megi að fullbyggja íþróttasvæðið, og þið heyið þar marga góða leiki.

Í dag eigum við margt glæsilegt ungt fólk, sem eflaust eru mæður ykkar og feður, sem ganga glöð til leiks, og vinna marga sigra, og svo hefur það verið þann fyrri aldar helming í sögu félagsins, og við vonum að svo verði einnig á seinni helming aldar í sögu þess, að margir glæsilegir sigrar, og afrek verði unnin.

Við, sem stöndum að leiklistarstarfsemi innan félagsins, óskum þess að mörg góð verk verði sýnd á



Fjöldi gesta mætti á afmælisfundinn.



Aðalstjórn Aftureldingar á hátíðarfundum á afmælisdegi félagsins þann 11. apríl.

sviði Hlégarðs, á næstu 50 árum, og á aldar afmæli félagsins verði hægt að sýna eitthvert stórbrotið verk eftir íslenzkan höfund.

Í kvöld verður haldið samsæti í Hlégarði í tilefni afmælisins. Koma þangað bæði yngri og eldri félagar og rifja upp gamlar minningar úr sögu þess. Mörgu góðu verki hefur það komið í framkvæmd á liðnum 50 árum, og vonandi verður svo lengi enn. Félagið hefur alla tíð átt innan sinna vébanda áhugasama og góða félagsmenn, sem með ráðum og dáð hafa haldið merki þess hátt á lofti. Fórnfúsar hendur fjölmargra félagsmanna hafa hjálpað að því að hrinda í framkvæmd ýmsu, sem hefur orðið sveit okkar og æsku hennar til gæfu og þroska. Við sem sitjum í stjórn félagsins í dag, vonum að okkar skerfur hafi nokkur orðið í þeirri viðleitni að gera félagið að óskabarni sveitarinnar.

Það er bjart yfir sveitinni okkar í dag, léttur andvari blaktir þjóðfánanum í hlaði Hlégarðs, og við von-

um að það verði bjart yfir sögu félagsins næstu hálfu öld, og þá byggja þessa sveit margt glæsilegt æskufólk, sem á stórar hugsjónir og hefur mátt og getu til að framkvæma þær.

Að endingu sendum við okkar beztu kveðjur og vonum að Afturelding megi heilsa nýrri öld enn stærri og sterkari en hún hefur nokkurn tíma áður í sögu sinni.

*Seinna á þínum herðum hvíla heill og forráð þessa lands, þegar grónar grafir skýla gráum hærum nútímans.*

Með félagskveðju ÍSLANDI ALLT.

Undirritað í félagsherbergi U.M.F.A. í Hlégarði þann 11. apríl 1959.

*Guðjón Hjartarson formaður, Arndís Jakobsdóttir ritari, Gestur Reynir Guðjónsson varaformaður, Tómas B. Sturlaugsson gjaldkeri, Einar M. Kristjánsson meðstjórnandi.*



## Fótaaðgerðarstofa opnar í Þverholti

Auður Ósk Ingimarsdóttir og Nína Borg Reynisdóttir, löggildir fótaaðgerðarfræðingar, hafa opnað fótaaðgerðarstofu Mosfellsbæjar í Þverholti 3. Fótaaðgerðarfræðingar sinna meðferð á fótameinum fyrir neðan ökkla, þ.e. á yfirborði húðar og tánöglum. Auk þess veita þær stöllum ráðgjöf varðandi fótaumhirðu og val á skóm og fótaútbúnaði. Stelpurnar bjóða Mosfellinga velkomna á stofuna og kynna sér starfsemina. Með þeim á stofunni starfar Svanhildur Ólafsdóttir naglafræðingur.



## Mikil ásókn í matjurtargarða

Mosfellingar hafa brugðist vel við og sýnt mikinn áhuga á matjurtgörðum sem Mosfellsbær hefur boðið til útleigu í sumar og eru allir garðar sem auglýstir voru til afnota í Skarhólamáryri farnir. Þeir sem ekki fengu þurfa þó ekki að örvænta því bærinn er staðráðinn í því að mæta óskum allra þeirra sem sækja um garða. Annars vegar er stefnt að því að bjóða garða í skólagörðunum austan við Varmáarskóla og einnig í Skammadal. Áhugasamir geta því enn haft samband við Þjónustuverið í s. 525 6700 eða sent póst á mos@mos.is.

## ELDRI BORGARAR



### Sound of music!

Miðasala á söngleikinn „Söngvaseið“ stendur yfir í apríl, á skrifstofu félagsstarfsins á Hlaðhömrum, opið kl. 13-16. s. 586-8014. Sýningin verður 4. júní.

Námskeið um erfðamál verður haldið mánudaginn 11. maí kl. 19.30 í Safnaðarheimili Lágafellssóknar Þverholti 3 á 3. hæð. Fyrirlesari er Bergþóra Sigmundsdóttir lögfræðingur hjá Sýslumanninum í Reykjavík. Ath: Ekki þarf að greiða fyrir námskeiðið.

### Vatnsleikfimi fyrir 60 ára og eldri og fólk í atvinnuleit!

Framhald verður á tímum í vatnsleikfimi á fimmtudögum kl. 9.45 til 10.30 í Lágafellslaug (innlaug). Skemmtilegir tímar þar sem lögð er áhersla á styrk, þol, jafnvægi og liðleika. Hver og einn getur stjórn að mótstöðu sinni eftir því sem líkaminn þolir hverju sinni með eða án áhalda. Í þessum tímum er notast við margskonar skemmtileg áhöld s.s. núðlur, pressulóð, ökklað, belti og hanska. Þetta eru fríir tímar og er skráning óþörf.

522-2222

**MEGASDAGAR**  
*alla mánudaga*

**16" PIZZA** *með 3 áleggstegundum* **1.290kr**

**BOLTINN Í BEINNI**  
**KALDUR Á KEFANA**



**ELDHEITAR**  
**LUMMUR**

*Besti vinur*  
*bragðlaukanna*  
*ekta ostur, eldbakstur & ástriða*

  
**ELDHÚSIÐ**  
*Pizzabakari*



# 100 ÁRA AFMÆLI

## Dagskrá afmælishátíðar Aftureldingar 2009

### UMFA



1909-2009

### 22. apríl, síðasti vetrardagur

Hlégarður kl. 19.30  
Hátíðarkvöldverður.  
Leikfélag Mosfellssveitar.  
Hljómsveitin Blek og byttur halda uppi fjörinu til kl. 02.

### 23. apríl, sumardagurinn fyrsti

Bæjartorgið við Kjarna kl. 13  
Afmælisskrúðganga frá Bæjartorginu að Varmá í umsjón Mosverja.  
Allir fá afmælisfána Aftureldingar.



#### Varmá

- Kl. 11:00-13:00** Innanfélagshraðmót í sundi í sundlauginni
- Kl. 12:00-14:30** Innanfélagshraðmót í knattspyrnu á gervigrasvöllum
- Kl. 11:00-14:00** Innanfélagshraðmót í handknattleik í sal 1
- Kl. 11:00-13:00** Innanfélagshraðmót í badminton og blaki í sal 2
- Kl. 11:00-13:00** Innanfélagshraðmót í frjálsum og körfu í sal 3
- Kl. 13:00-16:30** Sögunýning í anddyri íþróttamiðstöðvarinnar
- Kl. 13:00-16:00** Tívoli/útileiktæki á vegum skátanna úti og inni
- Kl. 13:30-14:00** Fimleikasýning í sal 3
- Kl. 14:00-14:15** Karatesýning í sal 3
- Kl. 14:15-14:30** Taekwondosýning í sal 3
- Kl. 14:30-16:30** Skrípaleikarnir, UMFUS og JUMBOYS mana þekktu einstaklinga í bæjarfélaginu til að keppa í allskyns skrípaleikjum og skemmta sér og öðrum við það

#### Hlégarður

**Kl. 16:30-18:30**  
Hátíðarkaffi  
Ávörp gesta, heiðranir, samsöngur.

#### Varmá

**Kl. 20:00-22:00** Unglingaball fyrir 13 ára og eldri  
Ingó og Veðurguðirnir

VÖFFLUKAFFI

SNOPPA

PIZZUR

AFTURELDINGARVARNINGUR

HOPPUKASTALI

FJÁRSJÓDSKISTA

SPÁKONUTJALD

# ÁFRAM AFTURELDING





# AFTURELDINGAR



## Hátíðarkvöldverður og dansleikur í Hlégarði



*Síðasta vetrardag 22. apríl 2009 kl. 19.30*

**Leikfélag Mosfellssveitar**

**Hljómsveitin Blek og byttur**

Verð kr. 6100. Miðaverð eftir kl. 23 kr. 1500.  
Miðasala í afgreiðslunni að Varmá.

MATSEÐILL: Humarþrenna í forrétt. Aðalréttur: Innbakaðar nautalundir Wellington.  
Blandaður eftirréttur að hætti hússins

## UMFA



1909-2009

## UNGLINGABALL

# Ingó

og Veðurguðirnir

Íþróttamiðstöðinni Varmá

Sumardaginn fyrsta 23. apríl

Kl. 20-22

Verð kr. 1000 - Aldurstakmark 13 ára






Jóhann Ásmundsson, Sigurgeir Sigmundsson, Birgir Haraldsson og Ingólfur Sigurðsson.

## Hljómsveitin CCReykjavík gefur út nýjan geisladisk **Creedence Clearwater ævintýrið heldur áfram**

Árið 2000 kom út diskurinn „Rock´n roll“ með Gildrumezz sem innihélt lög eftir John Fogerty. Hljómsveitin Gildrumezz er eins og nafnið gefur til kynna blanda tónlistarmanna úr hljómsveitunum Úrdrunni og Mezzoforte. Hljómsveitin fór sigurför um landið um síðustu aldamót og troðfyllti hvert samkomuhúsið á fætur öðru. Heimastöð Gildrumezz var þó veitingastaðurinn Álafoss fót bezt þar sem félagarnir léku um 80 kvöld fyrir fullu húsi árin 1999-2002.

Nú, tíu árum seinna, hafa Birgir Haraldsson, Jóhann Ásmundsson, og Sigurgeir Sigmundsson, komið saman á ný með Ingólfi Sigurðssyni við trommurnar og mynda hljómsveitina CCReykjavík sem eingöngu leikur lög eftir John Fog-



erty og lög sem hann hefur gert vinsæl með félögum sínum í CCR. Ingólfur kom í stað Karls Tómassonar sem hefur yfirgefið trommusettid og situr í forsæti bæjarstjórnar Mosfellsbæjar.

„Það eru forréttindi að mega spila, útsetja og taka upp lög snillinga eins og Johns Fogertys. Því líkur efniviður! Það er ekki ætlun okkar að lögin hljómi eins og hjá meistaranum og vonum að þessu við höfum sett í lögin að þessu sinni geri þau ekki verri,“ segir Birgir Haraldsson söngvari CCReykjavík.

Diskurinn „1967“ ber nafn eftir stofnari hljómsveitarinnar Creedence Clearwater Revival sem var stofnuð formlega árið 1967.

Útgáfutónleikar verða í Bæjarleikhúsinu föstud. 24. apríl kl. 21.



Mæðgurnar Rebekka Allwood og Ólöf Þráinsdóttir taka við styrk frá Lionsklúbbnum Úu.

## Konurnar í Lionsklúbbnum Úu láta gott af sér leiða **Afrakstur vinkonukvölds**

Mánudaginn 6. apríl var páskafundur Lionsklúbbsins Úu haldinn í Hlégarði. Gestir fundarins voru mæðgurnar Rebekka Anna Allwood og Ólöf Þráinsdóttir, þar sem Rebekku var afhentur styrkur frá Lionsklúbbnum Úu uppá 100.000 krónur. Í desember afhenti klúbburinn 50.000 krónur í velferðarsjóð Lágafellssóknar.



Við inntöku nýs félaga í Lionsklúbbinn.

Þessar styrkveitingar eru afrakstur af vinkonukvöldi sem haldið var síðastliðið haust og heppnaðist vel í alla staði. Úu konur vilja þakka öllum þeim sem komu að vinkonukvöldinu með þátttöku og stuðningi sem gerði klúbbnum kleift

að veita þessa styrki. Vinkonukvöld verður árviss viðburður sem þeirra/okkar aðal fjáröflun.

Framundan er óvissuferð hjá klúbbnum og þátttaka á landsþingi Lions á Selfossi í lok maí.

## Kjósarsýsludeild Rauða krossins eykur starfsemina

# Öflugt starf í Þverholti

Kjósarsýsludeild Rauða kross Íslands hefur ráðið til sín starfsmann í 50% stöðu. Í kjölfarið mun sjálfbóðaliðamiðstöðin Þverholti 7 vera opin tvo daga í viku, á þriðju- og fimmtudögum kl. 10 - 13.

Í boði verður ýmis konar fræðsla og félagsstarf sem er öllum opið og eru Mosfellingar hvattir til að koma og kynna sér það sem er í boði.

Erla Traustadóttir, starfsmaður Kjósarsýsludeildar RKÍ, segir deildina ætla að bjóða upp á röð spennandi námskeiða og kynninga auk samveru fyrir áhugasama. Viðburðirnir verða ókeypis og öllum opnir, ekki síst fólki í atvinnuleit og þeim sem hafa þurft að minnka við sig vinnu. Fyrstu dagskrárliðirnir verða kennsla á GPS tæki þann 29. apríl og námskeið í ræktun kryddjurta þann 5. maí. Fjölbreytt dagskrá mun svo fylgja í kjölfarið.

Öflugur hópur sjálfbóðaliða Rauða krossins úr Mosfellsbænum starfar nú við ýmis fjölbreytt verkefni. Með opnun sjálfbóðaliða-



miðstöðvarinnar gefst fleirum færi á kynna sér þau verkefni sem í boði eru og nýta krafta sína þar. Dæmi um verkefni sem Kjósarsýsludeildin kemur að eru: Heimsóknarvinir, þar sem sjálfbóðaliði heimsækir einstaklinga á

heimilum, stofnunum eða dvalarheimilum til að rjúfa félagslega einangrun þeirra; 1717-hjálparsiminn og aðstoð við foreldrarólt í grunnskólum Mosfellsbæjar, svo fátt eitt sé nefnt.

Í undirbúningi eru verkefni eins og 'Föt sem framlag' þar sem hópar þrjúna ungubarnaföt sem send eru til Afríku eða föt til sölu í Rauðakross búðunum og 'Aðstoð við heimanám fyrir nemendur af erlendum uppruna'. Ýmis tilfallandi styttri verkefni eru líka í boði svo áhugasamir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi.

Hægt er að finna dagskrána á heimasíðu Kjósarsýsludeildar, www.redcross.is. Skráning og uppl. um starfsemina er í síma 898-6065 og á netfanginu kjosarsysla@redcross.is.



## KÆRU BÆJARBÚAR

Við viljum bjóða ykkur að koma í kosningakaffi til okkar þann 25. apríl næstkomandi í Hlégarði í tilefni kosninganna.

Við opnum klukkan 9 og verðum með opið til 18. Frambjóðendur verða á staðnum og taka létt kaffisþjall.

Svo viljum við líka sjá ykkur á kosningavökunni okkar í Hlégarði sem hefst klukkan 20 og stendur fram eftir nóttu.

Glánýjar tölur beint í æð í góðra vina hópi. Ennfremur minnum við á kosningaskrifstofuna okkar í Háholti 23, félagsheimilinu.

### Opunartími:

16 – 22 alla virka daga.

Sumardagurinn fyrsti: 10 – 22

25. apríl: 10 og fram eftir kvöldi.

**Svo er bara að mæta á kjörstað og kjósa.**

Hlökkum til að sjá ykkur  
**Sjálfstæðisfélagið í Mosfellsbæ**

# VORTÓNLEIKAR ÁLAFOSSKÓRSINS



Guðríðarkirkju, Grafarholti  
laugardaginn 2. maí, kl. 16.00

Bókasafni Mosfellsbæjar  
mánudaginn 4. maí, kl. 20.30

Stjórnandi: Helgi R. Einarsson  
Meðleikarar: Arnhildur Valgarðsdóttir, píanó  
og Hans Þór Jensson, saxófónn  
Einsöngvarar: Davíð Ólafsson, bassi  
og Viktor A. Guðlaugsson, tenór

Aðgangseyrir: 1000 krónur



## TILKYNNING FRÁ YFIRKJÖRSTJÓRN


### Auglýsing um kjörstað og aðsetur yfirkjörstjórnar Mosfellsbæjar

Kjörstaður vegna alþingiskosninganna, sem fram fara þann 25. apríl 2009, er í Lágafellsskóla við Lækjarhlíð og stendur kjörfundur frá kl. 9-22.

Aðsetur yfirkjörstjórnar á kjördag þann 25. apríl 2009 verður á sama stað.

*Mosfellsbæ 15. apríl 2007*

**Yfirkjörstjórn Mosfellsbæjar**  
Þorbjörg Inga Jónsdóttir formaður  
Haraldur Sigurðsson  
Valur Oddsson



# Fisk- búðin Mos

## Háholti 13-15

(milli Krónunnar og Mosfellsbakarís)

### VERÐDÆMI:

ÝSA R/BL 1090 KR./KG.\*

ÝSA M/ROÐI 890 KR./KG.\*

ÝMSIR RÉTTIR 1190 KR./KG.\*

\*ATH. þetta er ekki tilboðsverð heldur fast verð.  
Fiskbúðin Mos kom vel út í verðkönnun ASÍ

**Réttur dagsins  
alla daga 990 kr**

**OPIÐ  
MÁN-FÖS  
KL. 10-19**



Jón Pálsson formaður Ungmennafélagsins Aftureldingar hvetur alla Mosfell-  
inga til að taka þátt í hátíðarhöldum í tilefni 100 ára afmælis félagsins.

# Hugsjón og kraftur í heila öld

**J**ón Pálsson formaður Ungmennafélagsins Aftureldingar hefur mikinn áhuga á samfélagsmálum og þróun velferðarsamfélagsins. Hann hefur kosid að starfa á þeim vettvangi þar sem ná-  
lægdin við fólkid er mest og finnst hann oftast sjá hvað skjótust áhrif af starfinu með þeim hætti. Jón segir að það megi koma miklu til leiðar í sjálfböðastarfi til þess að skapa heilbrigð lífs og vaxtarskilyrði fyrir börnin.

Jón Pálsson fæddist á æskuheimili sínu í Norðurmýrinni í Reykjavík 9. ágúst árið 1963. Hann er sonur hjónanna Páls Steinars Bjarnasonar trésmíðameistara og Gróu Ormsdóttur prófarkalesara. Systkini Jóns eru Helga Lilja, Birna Þórunn, Páll Rúnar og Björk en Jón er næst yngstur í röðinni.

„Fyrstu árin mín ólst ég upp í Norðurmýrinni en um sex ára aldurinn fluttum við fjölskyldan síðan í neðra Breiðholtið og þar ólst ég upp og gekk mína skólagöngu í Breiðholtsskóla. Síðan lá leið mín í Menntaskólann við Sund þar sem ég útskrifaðist sem stúdent af Náttúrufræðibraut árið 1983,“ segir Jón er ég tók hann tali.

## Fór utan til náms

„Á menntaskólaárunum kynntist ég konunni minni Hrönn Björnsdóttur. Við fluttum saman til Álaborgar árið 1984 þar sem við fórum bæði í háskólanám. Ég fór í véla- og



Fjölskyldan, Bjarki Snær Jónsson, Hrönn Björnsdóttir, Jón Pálsson, Viktor Núi Björns-  
son, Björn Steinar Jónsson, Íris Laxdal, Ásbjörg Jónsdóttir og Ásmundur Pálsson.

rekstrarverkfræði en hún í félagsráðgjöf en Hrönn starfar í dag sem félagsráðgjafi á Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins. Í Álaborg fæddust tvö elstu börnin okkar, Björn Steinar sem er fæddur 1985 og Ásbjörg fædd 1988. Yngsta barnið, Bjarki Snær, fæddist í Reykjavík árið 1995. Við eigum eitt barnabarn, Viktor Núi Björnsson, og það þarf ekki að orðlengja það að hann á hug okkar allan og athygli. Áhugamál mín eru margvísleg eins og gönguferðir,

Eftir Ruth Örnólfsdóttur  
**MOSFELLINGURINN**  
ruth@mosfellingur.is

skotveiði, skútusiglingar, tónlist og kórsöngur og svo ferðumst við fjölskyldan mið. Við fluttum til Íslands árið 1989, þjuggum fyrst í Borgarnesi í þrjú ár, í Reykjavík í níu ár og fluttum svo í Mosfellsbæinn árið 2001.“

## Sjálfstætt starfandi

Aðspurður um hvar hann starfi í dag segir Jón, „Ég er sjálfstætt starfandi ráðgjafi hjá Ans sem er ráðgjafar- og verktakafyrirtæki. Félagstjórnin hafa líka alltaf verið mér hugleikin, sérstaklega störf í kringum börnin mín og þeirra umhverfi. Ég hef verið í hinum ýmsu félögum í gegnum tíðina en síðustu ár eða frá 2004 hef ég starfað með Ungmennafélaginu Aftureldingu. Fyrst var ég í stjórn Knattspyrnudeildarinnar, svo í aðalstjórn frá árinu 2006 og svo tók ég við sem formaður árið 2007.“

## Mikill heiður

Í tilefni aldarafmælis Aftureldingar lét Mosfellsbær reisa minnisvarða að Lágafelli um stofnun félagsins. Minnisvarðinn sem stendur við bílastæði Lágafellskirkju er einmitt reistur þar sem lestrarhús Lágafells-sóknar stóð. Félagið var stofnað í því húsi að lokinni páskamessu í Lága-



fellskirkju 11. apríl 1909. Um fjórtíu og fimm ungmenni voru stofnfélagar og Guðrún Björnsdóttir, 19 ára heimasæta í Grafarholti, var kjörin formaður. Hún var lífið og sálin í félagsstarfinu fyrstu tuttugu árin þótt hún hefði ekki starfað lengi sem formaður.

„Félaginu er sýndur mikill heiður með þessum minnisvarða,“ segir Jón „enda hefur Mosfellsbær sýnt og sannað að bænum er annt um að hafa starfandi eins öflugt íþrótt- og ungmennafélag sem Afturelding er. Félagið er í dag með yfir tólf hundruð íþróttaiðkendur á sínum snærum í tíu deildum og er því án nokkurs vafa öflugasta barna- og unglingastarfið í bænum á eftir grunnskólunum.“

Á sjálfan afmælisdaginn opnaði stjórn Aftureldingar bréf sem þáverandi stjórn skrifaði inn í framtíðina fyrir fimmtíu árum. Núverandi stjórn skrifaði og innsiglaði nýtt bréf og ætlunin er að það verði opnað að öðrum fimmtíu árum liðnum eða á hundrað og fimmtíu ára afmæli félagsins. Bréfin verða varðveitt á Hér- aðsskjalasafni Mosfellsbæjar.

## Markmiðin eru skýr

„Það hefur verið aðalviðfangsefni mitt og samstarfsmanna minna, þann tíma sem ég hef verið stjórnarmaður og formaður, að vinna að því að fá frekari viðurkenningu á störfum félagsins í samfélaginu í heild sinni. Markmiðið er einfalt og skýrt, við viljum að Aftureldingarhartað slái í öllum bæjarbúum, við viljum að öll börn í Mosfellsbæ fái tækifæri til að iðka íþróttir hjá félaginu og geri það og við viljum að samfélagið sýni félaginu þá virðingu og þann skilning að félagið fái aðstöðu og fjármagn úr okkar sameiginlegu sjóðum til þess að hér geti farið fram íþróttaiðkun sem blómstrar. Við viljum að afreksfólk okkar fái hvatningu og stuðning en jafnframt að allir geti stundað hjá okkur heilbrigðar íþróttir, óháð afrekum og keppni.“

## Getum verið stolt

„Saga og starf Ungmennafélagsins Aftureldingar og auðvitað íþrótt- og æskulýðshreyfingarinnar allrar, sýnir svo ekki verður um villst hversu miklu má koma til leiðar í sjálfböðastarfi til þess að skapa heilbrigð lífs- og vaxtarskilyrði fyrir börnin. Störfin hafa verið unnin af hugsjón og krafti og við getum verið stolt af félaginu. Ég vil hvetja alla Mosfellinga til þess að taka þátt í hátíðarhöldunum sem framundan eru og jafnframt að taka þátt í starfi félagsins og styðja það í leik og starfi,“ segir Jón að lokum.

Myndir: Ruth Örnólfs og úr einkasafni.

# CCREYKJAVÍK

Hljómsveitin CCReykjavík heldur útgáfutónleika í Bæjarleikhúsinu

**Föstudagskvöldið 24. apríl kl. 21**

Flutt verða lög af nýjum geisladiski sem inniheldur lög eftir John Fogerty úr hljómsveitinni Creedence Clearwater Revival.

Húsið opnar kl. 20:30  
Miðaverð 2000 kr.

Miðar seldir við inngang. Forsala í síma: 820-4091 milli kl. 11-16



## ÞARFTU AÐ BÆTA LÍKAMSÁSTANDIÐ?

Ertu alltaf á leiðinni að hefja reglubundna heilsurækt en kemur því ekki í verk?

**Þá höfum við svarið fyrir þig!**

Þriðjudaginn 28. apríl kl. 16:30 taka Alfa og Halla Karen á móti þér í World Class Mosfellsbæ, kynna aðstöðuna og það sem heilsuræktarstöðin hefur uppá að bjóða og veita faglega ráðgjöf.

**Frítt í kynningu og fræðslu í tvær vikur**  
Láttu skrá þig fyrir 27. apríl í síma 566-7888.



**World Class**  
**ICELAND**

Sími 553 0000

Laugar - Spöngin - Hús Orkuveitunnar - Seltjarnarnes - Kópavogur - Hafnarfjörður - Mosfellsbær

[www.worldclass.is](http://www.worldclass.is)

# Vortónleikar 2009

## Karлакór Kjalnesinga

Digraneskirkja 2. maí kl. 16



### Einsöngvarar:

Guðrún Gunnarsdóttir  
Jóhannes F Baldursson  
Sigurður Hansson

### Hljómsveit:

Benedikt Brynleifsson, trommur  
Jón Bjarni Jónsson, bassi  
Matthías Stefánsson, fiðla og gítar  
Sveinn G Þórhallsson, gítar



Geisladiskurinn Glaðningur kemur út sama dag og ber efnisskráin dóm af honum. Þar má finna lög eins og Kveiktu ljós, Tamning, Blakkur, Ég er kominn heim og Eg fann þig.

**Miðar seldir við innganginn, verð kr. 2.000**

[www.karlakor.is](http://www.karlakor.is)



## Abba sýning barnanna á leikskólanum Bergi

# Söng- og danssýning

Föstudaginn 3. apríl var haldin ABBA söng- og danssýning barnanna á leikskólanum Bergi.

Yngstu börnin sungu lag á litháensku sem þau höfðu æft með kennurunum sínum Jolanta og Vaida frá Litháen. Öll börnin sungu saman ABBA lögin Mamma Mia og SOS og svo sýndu elstu börnin dansatriði við ABBA lagið Money Money sem þau höfðu æft með kennurunum sínum Tanyu, Rannveigu og Regínu.

Börnin voru klædd hvítum fötum í anda fatastíls ABBA hljómsveitarinnar. Allir sungu saman íslenska lagið Við erum vinir, sem krakkarnir höfðu æft með kennurunum sínum Elísabetu og Bryndísi.

Í lok sýningarinnar söng Tindatríóið lögin Góðan daginn og Fjallakall. Tindatríóið skipa Atli Guðlaugsson, Guðlaugur Atlason og Bjarni Atlason. Fjölmennt var á sýningunni og foreldrar, ömmur, afar, systkini og aðrir gestir skemmtu sér vel.



Skipuleggjandi sýningarinnar var Tanya Dimitrova, leikskólastjóri á Bergi. Leikskólinn Berg er rekin sem íþróttaleikskóli með áherslu á hreyfingu, jóga og danskennslu. Einkunnarorð leikskólans eru leikur, gleði og sköpun.



## MENNINGARVIKA

### LEIKSKÓLA MOSFELLSBÆJAR

**Hin árlega menningarvika leikskóla Mosfellsbæjar verður dagana 5.-7. maí n.k. í Kjarna.**

Öll börn í leikskólum Mosfellsbæjar hafa unnið listaverk sem verða til sýnis í Kjarna. Sýningin gefur innsýn í það frábæra, fjölbreytta og metnaðarfulla starf sem unnið er í leikskólum bæjarins. Börn af leikskólum bæjarins mæta í Kjarna, skoða sýninguna og syngja fyrir gesti og gangandi.

#### Dagskrá:

**Mánudagur 4. maí** Sýningin sett upp

**Þriðjudagur 5. maí**

Árgangur 2005, 2006 og 2007 mæta í Kjarna og syngja kl. 10:40

**Miðvikudagur 6. maí**

Árgangur 2004 mætir í Kjarna og syngur kl. 10:40

**Fimmtudagur 7. maí** Sýningin opin

**Föstudagur 8. maí** Árgangur 2003 mætir í Kjarna og syngur við undirleik nemenda Listaskóla Mosfellsbæjar kl. 14

Við hvetjum alla bæjarbúa til að mæta í Kjarna vikuna 4.-8. maí og skoða listasýningu og hlýða á leikskólabörnin syngja.



## KOSNINGAKAFFI

### Á KJÖRDAG

að þverholti 3  
kl. 9-20

*Allir velkomnir*

Akstur á kjörstað, sími. 618-3347





Ruth Örnólfsdóttir og Högni Snær bregða á leik á árs hátíð Mosfellings.



Stefán Jónsson úr hljómsveitinni Lúdó og Stefán ásamt Einari Páli Kjærnested.



Anna Hlíf, Jóna Þórunn og Hildur Ólafsdóttir í sínu finasta á árs hátíðinni.



Icy-tríóð tekur Gleðibankann. Helga Möller, Steindi Jr. og Haraldur Sverrisson.

Nú set ég tvistinn út...

# Árshátíð Mosfellings

Mosfellingur hélt sína árlegu árshátíð um síðustu helgi í glæsilegum húsakynnum V6 sprotahúss í Völuteigi. Starfsmenn blaðsins og velunnarar skemmtu sér konunglega eins og sjá má á myndunum.

Sérstakir gestir kvöldsins voru söngvararnir Stefán úr hljómsveitinni Lúdó og Stefán og Helga Möller. Ræðumaður kvöldsins, Gylfi Guðjónsson, fór á kostum og Ólympíulið Mosfellings var heiðrað.

Gull-M Mosfellings var veitt í þriðja sinn en það hlutu þeir Svanþór Einarsson fyrrverandi eigandi Pizzabæjar og Magnús Már Haraldsson ljósmyndari Mosfellings. Gull M-ið er æðsta viðurkenning Mosfellings en heiðursfélagana má sjá á baksíðu blaðsins.



Helga og Jóni fara yfir sögu Eurovision.



Herdís og Siggí Valli slá taktinn.



Veisluborð að hætti Orange strákanna.



Sigurlið Mosfellings á Ólympíuleikum vinnustaða 2008. Ragnheiður Rikharðsdóttir veitti höpnum sérstaka viðurkenningu. Óli, Kalli, Hilmar, Oddný, Maggi og Ragnheiður.



Yrja Dögg og Ásgeir Jónsson.



Matgæðingarnir Tóti og Hallur.

## Kópavogur - Hafnarfjörður - Garðabær - Álftanes - Seltjarnarnes - Mosfellsbær og Kjósarhreppur

1. sæti KOLBRÚN STEFÁNSDÓTTIR framkvæmdastjóri Sjálfsbjargar

2. sæti HELGI HELGASON stjórn málafræðingur

4. sæti BJÖRN BIRGISSON vélsmiður

11. sæti Viggó Eyþórsson verkamaður

7. sæti PÉTUR GUÐMUNDSSON stýrimaður

6. sæti FYLKIR JÓNSSON atvinnurekandi

3. sæti VALDÍS STEINARSDÓTTIR skrifstofutæknir

5. sæti HARALDUR BOGI SIGSTEINSSON verkamaður



Frjálsslyndi Flokkurinn

# Við krefjumst réttlætis - Auðmenn beri ábyrgð



MOSFELLSBÆJAR

SUMAR  
2009

# SUMARNÁMSKEIÐ

## barna og unglinga

## sumarið 2009

### Handboltaskóli!

Handknattleiksdeild UMFA verður með handboltaskóla sem hefst 10.-21. ágúst. Uppl. á afturelding.is

### Knattspyrnunámskeið!

Afturelding verður með námskeið fyrir krakka fædda '95 - '03. Upplýsingar: Bjarki 698-6621 eða Hóel 865-0048

### Sund- og leikjanámskeið

Verður í Íþróttamiðstöðinni Lágafelli í sumar. Uppl. og skráning verður í Lágafelli s. 517-6080 eftir 10 maí.

### Golfnámskeið!

Golfklúbbur Bakkakots verður með nokkur námskeið í sumar. Uppl. í 566-8480 og gobskalinn@simnet.is

### Leikjanámskeið!

Íþrótt- og tómstundaskóli Mosfellsbæjar verður með þrjú námskeið í sumar. Uppl. í Íþróttamiðstöðinni að Varmá í s: 566-6754

### Sumarnámskeið Tómstundaskólans

Ljósmynda-, stuttmynda-, brúðuleikhús- og ævintýralegt listanámskeið fyrir börn 6-12 ára. Uppl. og innritun 695-6694 / 566-8587. Þriðjud. til föstud. 13-19

### Reiðnámskeið!

Reiðskóli Berglindar. Uppl. og skráning eftir kl. 16. í s. 899-6972 eða 566-6401 eftir kl. 16.

### Skólagarðar

Uppl. í félagsmiðstöð, s. 566-6058.

### Sumarlestur

Fyrir börn fædd '99 - '01 á bókasafni Mosfellsbæjar. Hefst 8. júní uppl. 566-6822

### Námskeið Gogga galvaska

Námskeið fyrir 6-9 ára börn á Varmá velli 25. maí - 16 júní. Þrisvar í viku frá kl. 15:30 - 16:30. Skráning er hafin. frjalsar@afturelding.is

### Útivistar- og ævintýra- námskeið skáta!

Nánari uppl. veitir Ævar eftir 10. maí í síma 566-6757 eða mosverjar.is

### Sundnámskeið!

Kobba krókódíls og Hönnu hafmeyju. Uppl. í Íþróttamiðstöðinni s. 566-6754

### Hreystinámskeið Eldingar

Námskeið fyrir stelpur og stráka á aldrinum 10 - 13 ára. Nánari upplýsingar hjá Höllu í síma 897-0108

### Glímunámskeið

Í ágúst verður glímunámskeið fyrir 6 - 12 ára krakka. Nánari uppl. síðar á frjalsar@afturelding.is

Nánari kynning á framboði sumarsins  
verður á opnu húsi Skólaskrifstofu  
Mosfellsbæjar miðvikudaginn 29. apríl kl. 20

### Vinnuskóli Mosfellsbæjar!

Uppl. hjá Eddu í 566-6058

www.mos.is

# Menningarvör í Mosfellsbæ

Í tilefni menningarvörs í Mosfellsbæ stendur Mosfellsbær í samvinnu við mosfellska listamenn fyrir viðburðum til að efla mannlífið á erfiðum tímum.

Mosfellskir listamenn leggja fram vinnu sína, starfsfólk Mosfellsbæjar vinnur að undirbúningi og Menningar svið Mosfellsbæjar kynnrir og auglýsir viðburðina.

Menningarvör verður haldið þrjá þriðjudaga í Bókasafni Mosfellsbæjar og Listasal Mosfellsbæjar.

Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir. Heitt á könnunni.

Komum og upplifum saman menningarvör í Mosfellsbæ – og styðjum hvert annað með því að njóta þess besta sem bærinn hefur upp á að bjóða.

- **Þriðjudagskvöldið 28. apríl kl. 20-21.30**  
Guðný Halldórsdóttir, kvikmyndagerðarkona og bærjarlistamaður, fumsýnir heimildamynd sína "Forystufé" og spjallar við gesti. Sigurður I. Snorrason klarinettuleikari, Anna Guðný Guðmundsdóttir píanóleikari, Valdís Þorkelsdóttir trompetleikari, Þorkell Jólsson hornleikari og Sigurður Þorbergsson básúneleikari flytja léttu tónlist.
- **Þriðjudagskvöldið 12. maí kl. 20-21.30**  
Jón Kalman Stefánsson rithöfundur spjallar við gesti um verk sín og fleira. Kristjana Helgadóttir flautuleikari og Hrönn Helgadóttir píanóleikari flytja léttu tónlist.
- **Þriðjudagskvöldið 26. maí kl. 20-21.30**  
Leikfélag Mosfellsveitar slær á léttu strengi. Gréta Salóme Stefánsdóttir fiðluleikari og Óskar Einarsson píanóleikari flytja léttu tónlist.



VIRÐING JÁKVÆDNI FRAMSÆKNI UMHYGGJA

MOSFELLSBÆR



## PIZZUR

		9"	12"	15"	18"
MARGHERITA	rafóla og ost	670	1000	1400	1900
KJÖTPIZZA	rafóla og hvejskinnu	670	1000	1400	1900
SLÖMMEIPIZZA	rafóla, ost, paprika, sildin og sennep	1400	1800	2400	3200
BLIZZU	rafóla, ost, smátt og stórt	1300	1700	2300	3000
SOMMAREIPI	rafóla, ost, tómata, paprika og paprika	1400	1800	2400	3200
BRUNN BOTTUR	rafóla, ost, smátt, paprika, smátt og stórt	1370	1700	2300	3000
INDIENESE	rafóla, ost, smátt, paprika og paprika	1400	1800	2400	3200
AMERICANA	rafóla, ost, paprika, smátt	1370	1700	2300	3000
BRUNN ELDIS	rafóla, ost, paprika, smátt, paprika og smátt	1400	1800	2400	3200
GRÖNNIPIZZA	rafóla, ost, smátt, smátt, smátt og stórt	1370	1700	2300	3000
AMERICANA	rafóla, ost, paprika, smátt og stórt	1400	1800	2400	3200
OSMONEISA	rafóla, ost, smátt, smátt og stórt	1370	1700	2300	3000
SPECIALE	rafóla, ost, smátt, smátt, smátt og stórt	1370	1700	2300	3000
PEPPERONI	rafóla, ost, smátt, smátt og stórt	1370	1700	2300	3000
JURETUS	rafóla, ost, paprika, smátt og stórt	1400	1800	2400	3200
PIZZA BARBARA	rafóla, ost, paprika, smátt og stórt	1400	1800	2400	3200
SUPREME	rafóla, ost, smátt, smátt og stórt	1370	1700	2300	3000
KJÖTVEISLA	rafóla, ost, smátt, smátt og stórt	1370	1700	2300	3000
STJÓLAMB	rafóla, ost og smátt	670	1000	1400	1900

## HAMBORGARAR

- Allir okkar hamborgarar eru byggðir á bestu hráefnum.
- 2x. smátt smátt og stórt 1300-1400 kr.  
3x. stórt, ost og smátt 1800 kr.
  - 2x. margheta smátt 1300 kr.  
3x. stórt, ost, smátt og stórt 1800 kr.
  - 2x. smátt smátt 1400 kr.  
3x. stórt, ost, smátt, fast og stórt



## BRUNNEMER - LITILL OGI / STÓFI OGI

	9"	12"	15"	18"
Brunnemeri á pizzu	670	1000	1400	1900
Yst á bestu blögg	100	200	400	500

**SÍMI: 55 44444**

Hrói Höttur, Þverholti 2, Kjarna

# Göngum bjartsýn inn í sumarið!

Hvert atkvæði í væntanlegum kosningum til Alþingis er mikilvægt nú en nokkru sinni í langan tíma.

Venjulega ganga stjórn málaflökkar óbundnir til kosninga. Svo er ekki að þessu sinni, ríkisstjórnarflökkarnir Samfylkingin og Vinstri grænir ætla að mynda áfram vinstri stjórn eftir kosningar fáir þeir til þess fylgi.

Báðir hafa það að markmiði að gera Sjálfstæðisflokkinn valdalausn í íslenskum stjórn málaflökkum og þurrka hann út af Alþingi. Til þess hefur þeim áskotnast liðsauki frá fyrr. Þingmanni og ráðherra Jóni Baldvini Hannibalssyni sem líkir Sjálfstæðisflokknum við ítalska mafú og hvetur kjósendur til að „þurrka þennan smánarblett út af Alþingi í næstu kosningum“!!!

Það er undarlegt að verða vitni að þeim átökum sem átt hafa sér stað á Alþingi og í fjölmiðlum að undanförnu. Það er ráðist á Sjálfstæðisflokkinn á öllum vígstöðvum sem staðfestir að aðrir flokkar óttast styrkleika



hans. Það er aldrei minnst á samstarfsflokkana rétt eins og Sjálfstæðisflokkurinn hafi verið einn í ríkisstjórn allan sinn stjórnarferil. Það er ástæða til að minna á að á síðastliðnum 38 árum hefur Framsókn verið riflega 32 ár í ríkisstjórn og fór með völd í

viðskiptaráðuneytinu í 12 af síðustu 14 árum, hin tvö árin réð Samfylkingin þar ríkjum. Ég hef ekki orðið þess vör að þessi flokkar axli ábyrgð. **Það hefur Sjálfstæðisflokkurinn gert.**

Samfylkingin rauf stjórnarsamstarfið við Sjálfstæðisflokkinn og myndaði vinstri stjórn með VG í kjölfar þess mótmælafárs sem ríkti hér í ársbyrjun. Að mati fjölmiðla var verið að hlýða kalli almennings og kröfunni um endurnýjun og uppstokkun í stjórnarráðinu og fleiri stöðum. Í hverju fólst sú endurnýjun? Samfylkingin situr áfram í ríkisstjórn, tók Vinstri græna í fangið og Framsóknarflokkurinn kórónaði verkið með því að tryggja ríkisstjórninni völdin og verja hana falli!

Sjálfstæðisflokkurinn tók við völdum fyrir 18 árum af vinstri stjórn Steingríms Hermannssonar, Jóhanna Sigurðardóttir var þá félagsmálaráðherra. Þá var fjöldi einstaklinga og fyrirtækja gjaldþrota og atvinnuleysi mikið.

Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins tókst að reisa ástandið við og upphófst blómaskeið, sem varað hefur fram á síðustu ár, næg atvinna og mikil uppbygging á öllum sviðum. Það er hinsvegar dapurleg staðreynd að menn misnotuðu aukið frelsi og þá möguleika sem það skapaði. Það hefur ítrekað verið bent á að þrengri reglur hafi vantað til að setja framsæknum fullhugum og útrásarvikingum takmörk. Það er sú sorgarsaga sem blasir við í dag og við erum að súpa seiðið af.

## Sporin hræða:

Viljum við stuðla að því að kjósa yfir okkur vinstri stjórn í næstu kosningum?

Viljum við stuðla að því að gera Sjálfstæðisflokkinn óvirkan og valda-

lausan í íslenskum stjórn málaflökkum?

Ég vona svo sannarlega að sú verði ekki raunin og Sjálfstæðisflokknum takist að endurnýja traust og tiltrú á grundvallarstefnu flokksins sem byggir á sjónarmiðum mannúðar, frelsi einstaklingsins til orða og athafna, góðu velferðarkerfi með hjálp til sjálfshjálpar þeim sem þess þurfa, lýðræðislegum stjórnarháttum, virðingu fyrir umhverfinu og gæðum jarðar.

**Það er engin lausn að flýja af hólmi þegar erfiðleikar steðja að. Ég hvet alla sjálfstæðismenn, unga sem aldna, til að taka höndum saman og vinna að markvissri stefnu Sjálfstæðisflokksins í breyttu umhverfi, þar sem lögð er áhersla á opna og hreinskipta umræðu á öllum sviðum.**

Sjálfstæðismenn göngum upplitsdjörf að kjörborðinu 25. apríl n.k. Gleðileg sumar!

Salome Porkelsdóttir  
formaður Samtaka eldri sjálfstæðismanna, fyrrv. alþingismaður

## Framtíðin byggir á ykkar krafti

Kæru Mosfellingar, Skilaboðin frá Sjálfstæðisflokknum fyrir næstu kosningar eru skýr. Mikilvægasta málið er að ljúka endurskipulagningu fjármálakerfisins innan þriggja mánaða. Eitt stærsta hagsmunamál íslensks atvinnulífs og fjölskyldna er skilvirkt bankakerfi. Tryggja þarf aðgang að lánsfé fyrir atvinnulíf og heimili.



Við megum aldrei sætta okkur við atvinnuleysi á Íslandi. Því ætla Sjálfstæðismenn að heita sér fyrir fjölgun starfa um 20.000 á næstu árum. Það þarf að skapa sátt um nýtingu auðlinda okkar og hefja þegar uppbyggingu orkufreka atvinnugreina, svo sem gagnavera, álvera og annarra hátækniyfirtækja. Lögð er áhersla á að ekki verði skilið í sundur á milli verndar og nýtingar náttúruauðlinda landsins. Leysa þarf vandann strax.

Frekari skattar eru letjandi fyrir vinnandi fólk og skila okkur ekki framtíðarhagsæld né neinu sem nemur í kassann. Frekar þarf að ráðast í tímabundnar breytingar á skattkerfinu sem hvetja til nýráðninga og þróunarstarfs sem sérstaklega á að gagnast nýsköpunar- og sprotayfirtækjum. Við þurfum að hlúa að nýsköpunar- og sprotayfirtækjum svo þau geti blómstrað. Sjálfstæðismenn hafna skattahækkunum, við ætlum ekki að skattleggja okkur út úr kreppunni.

Ég vil taka þátt í því uppbyggingarstarfi sem er framundan og láta til mín taka á þeim vettvangi í ykkar þágu. Þegar þið gangið inn í kjörklefann þá er mikilvægt að þið gerið ykkur grein fyrir því hvar hjarta ykkar slær í pólitík, hvort þið veljið einstaklingsfrelsi eða miðstýringu. Kjosið til framtíðar en ekki vegna fortíðar. Ísland þarf á krafti og dugnaði að halda á næstu árum, fólk sem vill frekar stækka kökuna heldur en minnka sneiðarnar. Fólk eins og ykkur sem hefur með framtaki einstaklinganna byggt upp gríðarlega öflugt íþróttafélag í bænum. Munið að svona íþróttafélag yrði aldrei til ef ríkið réði för. Það var ykkar dugnaður sem byggði upp Aftureldingu í 100 ár. Það verða einstaklingarnir en ekki ríkið sem endurreisir landið.

Björt framtíð bíður Íslands lánist okkur að halda rétt á málum. Nýta þarf það afl sem býr í fólk og fyrirtækjum og tryggja heimilunum í landinu þannig fjárhagslegt öryggi. Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið meginstoð íslenskra stjórn mála í 80 ár og hefur öðlast umboð kjósenda til þess á fjögurra ára fresti. Sjálfstæðisstefnan byggist á krafti, frumkvæði og dugnaði fólksins í landinu, ykkur.

Eva Magnúsdóttir,  
skipar 8. sæti Sjálfstæðisflokksins  
í Suðvesturkjördæmi

## Semjum við Evrópusambandið!

„Stefna stjórn málaflökkarnir að nýju hruni?“ spurði Benedikt Jóhannesson í liðinni viku og fangaði athygli landsmanna. Kjarni málsins er stundum vandfundinn í almennri umræðu um stjórn mála hér á landi en með spurningu sinni fann Benedikt kjarnann. Hafi hann þakki fyrir. Samfylkingin hyggst koma í veg fyrir annað hrún með því að gera aðildarviðræður við Evrópusambandið að forgangsmáli. Við segjum það og við munum standa við það. Með því að sækja strax um aðild að ESB að loknum kosningum opnum við dyrnar til Evrópu og umheimsins – dyr sem hafa verið harðlæstar frá því í haust – og með því setjum við Íslandi skýr pólitísk og efnahagsleg markmið sem nágrannaríki okkar og viðskiptalönd skilja og virða.

Það er afar mikilvægt að kjósendur skynji mikilvægi þess að hefja samningaviðræður við ESB strax á nýju kjörtímabili. Svíþjóð fer með formennsku í ráðherraráði ESB á seinni hluta þessa árs og pólitískan velvilja frænda okkar Svía þarf að virkja í þessu brýna hagsmunamáli. Reynsla Svía og Finna sýnir okkur að íslensk stjórnvöld geta náð hagstæðum og góðum aðildarsamningi við ESB-ríkin. Og Íslendingar munu eiga síðasta orðið. Þegar aðildarsamningur liggur fyrir verður hann rækilega kynntur og svo borinn undir kjósendur í þjóðaratkvæðagreiðslu til

samþykktar eða synjunar. Verði þetta ekki gert þá hættum við á annað hrún, að stórfyrirtæki flytji úr landi, að útlendingar vilji ekki fjárfesta hér á landi, að lánstraust Íslands verði áfram veikburða, að atvinnuleysi verði viðvarandi ástand og þjóðin föst í hlekkjum gjalddeyrishafta og verðlauss gjaldmiðils. Það er ófögur framtíðarsýn sem aldrei má tæstast.

Nú þarf kjark og hugrekki til að stíga fram og gera það sem gera þarf til þess að endurreisa Ísland úr rústum bankahrunsins. Semja við ESB og leyfa þjóðinni að kjósa um aðildarsamninginn. Til að svo verði þarf Samfylkingin að fá ótvíræðan stuðning í alþingiskosningunum laugardaginn og þar með styrk til að leiða ríkisstjórn Íslands í samningaviðræðum við ESB. Aðild að Evrópusambandinu er brýnasta hagsmunamál efnahagslífsins – fyrirtækjanna og heimilanna. Þess vegna bið ég þig, kjósendi góður, um að styðja Samfylkinguna í alþingiskosningunum og setja x við S.

Þórunn Sveinbjarnardóttir,  
alþingismaður.

**MOSFELLINGUR**  
KEMUR NÆST ÚT 15. MAÍ  
SKILAFRESTUR EFNIS 10. MAÍ



MOSFELLSBÆR

## „Æ vill vatn til strandar“

### Málstofa um vötn og vatnasvið í Mosfellsbæ

Mosfellsbær, Heilbrigðieftirlit Kjósarsvæðis og Umhverfis- og náttúrufræðifélag Mosfellsbæjar efna til málstofu um rannsóknir á ástandi vatna í Mosfellsbæ. Málstofan verður haldin mánudaginn 4. maí kl. 17:00-18:30 í bæjarstjórnarsal Mosfellsbæjar (Helgafelli) á 2. hæð á bæjarskrifstofum Mosfellsbæjar, Þverholti 2. Fundarstjóri: Guðjón Jensson formaður Umhverfis- og náttúrufræðifélags Mosfellsbæjar. Aðgangur er ókeypis og er öllum opin.

Dagskrá:

**17:00 - 17:20** Grunnrannsókn á lífríki Hafravatns – kynning á niðurstöðu lífríkisrannsókna í Hafravatni. – Haraldur R. Ingvason, Náttúrufræðistofu Kópavogs.

**17:20 - 17:40** Ástand og flokkun vatna – kynning á vatnsgæðum í ám, vötnum og strandsjó í Mosfellsbæ. - Þorsteinn Narfason framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis.

**17:40-18.00** Hreinsun ofanvatns í Mosfellsbæ – kynning á lausnum í hreinsun ofanvatns í nýrri hverfum í Mosfellsbæ. - Tómas G. Gíslason, umhverfisstjóri Mosfellsbæjar.

**18:00-18:30** Fyrirspurnir og umræður

Í framhaldi af málþinginu verður aðalfundur Umhverfis- og náttúrufræðifélags Mosfellsbæjar haldinn á sama stað. Nýir meðlimir eru velkomnir í félagið.



## Rauði kross Íslands Kjósarsýsludeild

Kjósarsýsludeild Rauða kross Íslands hefur nú opið hús í sjálfbóðaliðamiðstöðinni Þverholti 7, alla þriðju- og fimmtudaga frá kl: 10-13. Alltaf heitt á könnunni, nettengdar tölvur og skemmtilegir viðburðir í boði. Næstu vikur verður boðið upp á spennandi námskeið og kynningar auk samveru fyrir þá sem hafa nægan tíma og áhuga. Viðburðirnir eru ókeypis og opinir öllum, ekki síst fólki í atvinnuleit og þeim sem hafa þurft að minnka við sig vinnu. Fyrstu tveir dagskrárliðirnir eru:

Miðvikudaginn 29. apríl, kl. 10-13:

**Kennsla á GPS tæki**

Þriðjudaginn 5. maí, kl. 10 - 13:

**Ræktun kryddjurta**

Skráning og nánari upplýsingar í síma: 898 6065 og [kjosarsysla@redcross.is](mailto:kjosarsysla@redcross.is). Frekari dagskrá verður auglýst síðar.

Námskeiðið Börn og umhverfi verður haldið um miðjan maí. Það er ætlað börnum fæddum 1997 eða fyrr. Þar verður farið í ýmsa þætti er varða umgengni og framkomu við börn, aga, umönnun og hollar lífsvenjur, leiki og leikföng, slysavarnir og algengar slyshættur í umhverfinu. Námskeiðið er fjögur kvöld, eða 16 kennslustundir og er þátttakendum nú að kostnaðarlausu .

Skráning og nánari upplýsingar í síma: 898 6065 og í netfanginu: [kjosarsysla@redcross.is](mailto:kjosarsysla@redcross.is).

# CE LA VI

Gleðileikur í anda Little Britain  
eftir Maríu Guðmundsdóttur.

Ekta franskt kaffihús,  
snarvitlaust fjör og geggjaðar  
uppákomur. Sýning sem ekki  
má missa af

## CHEZ MAGGA OG GUNNI!

Nýtt íslenskt leikrit eftir Maríu Guðmundsdóttur  
Leikstjóri: Guðný María Jónsdóttir

Frumnýing, laugardaginn 2. maí kl. 20.  
2. sýning, sunnudaginn 3. maí kl. 20.  
3. sýning, fimmtudaginn 7. maí kl. 20.  
**Miðaverð kr. 1.000,-**  
Miðapantanir í síma 566 7788.  
Sýnt í Bæjarleikhúsinu Mosfellsbæ  
**Leikfélag Mosfellsveitar 2009**



# Frelsi auðhringja, ánauð fólksins?

Undanfarin ár hefur harðsvíruð stefna mis-skiptingar riðið yfir heimsbyggðina. Samfélög eru rænd sínum dýrmætustu auðlindum, sameignum og innviðum í nafni „frelsis fjármagnsins“. Hún hefur sannarlega breyst stefna Sjálfstæðisflokks föður míns, sem hér einu sinni ætlaði að verja frelsi og framtak einstaklinga en ekki fákeppni og einokun auðhringja.



Með undraskjótum hraða fær-ist afkoma heilla samfélaga á fárra manna hendur sem iðulega maka krókinn í skattaskjólum, á meðan fólk situr uppi með skuldarnar, tap-íð og sárt ennið. Því miður hefur nánast allt hið pólitíska litróf sungið þessu svokallaða 'frelsi' lof og pris. Nútímastjórnmálamenn hafa viljað vera menn með mönnum og einkavinavæðingin, hagsmunatengslin og krosssegnatengslin nánast verið sameiginleg trúarbrögð. Gagnrýni, viðvaranir og annars konar sýn á hlutina hefur verið fordæmd.

## Heiðarleika í stað blekkinga

Nú er kosið um hvora leiðina fólk vill fara: Áframhald af sömu súpu, eða breytingar sem miða að hag almennings og einarðri baráttu fyrir Íslandi, íslenskum heimilum, fyrirtækjum og auðlindum. Engar breytingar verða auðveldar, svo sterk eru tregðulögmálin og svo djúp eru ítök hagsmuna- og peningaaflla. En hverjir munu reyna af mætti að setja fólk á undan fjármagni?

Nú dynur á okkur áróður sem m.a. snýst um það hvernig allt fari til kaldra kola ef íslensk þjóð biður Sjálfstæðisflokkinn að taka sér frí. Áróðursmaskínurnar duga vel og hræðsluáróðurinn líka. Upp rifjast kunnuglegur söngur. „Ögmundur

vill bankana burt!“ var hróp- að fyrir síðustu kosningar. Nú er okkur sagt að allir verði skattþindir. Staðreyndin er hins vegar sú að tillögur VG um hátekjuskatt láta 90% landsmanna ósnert. Eiga stjórnsmál ekki að vera heiðarleg, málefnaleg – er það ekki það sem við viljum?

## Upp úr feninu

Baráttan framundan er erfið og staðreyndin er sú að enginn mun bjarga okkur frá okkur sjálfum nema við sjálf. Enginn getur endurreist Ísland fyrir okkur og enginn hefur sérstakan áhuga á því nema við. Enginn mun gera neitt fyrir okkur nema vilja fá eitthvað í staðinn. Okkur er því lífsnauðsyn að hafa í stafni fólk sem veit fyrir hvað það stendur og ætlar sér að gera *allt* til að verjast áhlaupinu gegn heimilunum, fyrirtækjunum og atvinnuvegunum í landinu með öflugan og traustan þingmeirihluta á bakvið sig.

Nú þarf að berjast fyrir fólknið í landinu en ekki auðjöfra, fyrirtækin en ekki auðhringina, jöfnuð og jafnrétti en ekki ofurlaun, sjálfstöku og skattaparadísir. Fyrsta skref í átt til þess er að falla ekki enn og aftur fyrir ódýrum kosningalofordum, hræðsluáróðri og blekkingum heldur dæma fólk og flokka eftir verkum þeirra. Við verðum að sýna sjálfum okkur og umheiminum að við kjósum ekki um hæl það sama yfir okkur aftur. Einhverjar afdrifaríkustu kosningar okkar tíma eru á laugardaginn og við megum ekki bregðast. Það er of mikið í húfi. Ísland þarf á okkur öllum að halda.

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir  
skipar 1. sæti VG  
í Suðvesturkjördæmi

## Heilsu- og hamingjulindin

Verkjameðferðir,  
streitulosun og dekur.

Timapöntanir í síma 699-0858



MOSFELLSBÆR

## VORIÐ ER KOMIÐ

### HREINSUNARÁTAK Í MOSFELLSBÆ

Dagana 22. apríl – 5. maí verður hreinsunarátak í Mosfellsbæ. Á því tímabili eru íbúar Mosfellsbæjar hvattir til að hreinsa í kringum hús sín og næsta umhverfi. Nú hillir loks í vorið og því tímabært að fjarlægja rusl eftir veturinn.

Starfsmenn Áhaldahúss verða á ferðinni á þessu tímabili og fjarlægja garðaúrgang sem settur hefur verið út fyrir lóðamörk. Fólk er hvatt til að setja garðaúrgang í poka og binda greinaaafklippur í knippi. Gert er ráð fyrir að úrgangur verði sóttur fyrir utan lóðarmörk dagana 27. apríl og 5. maí.



Gámar fyrir garðaúrgang verða aðgengilegir á tímabilinu 22. apríl til 5. maí í hverfum bæjarins og verða þeir staðsettir á eftirtöldum stöðum:

- **Holta- og Tangahverfi** Neðan Þverholts (milli Akurholts og Arnartanga)
- **Höfða og Hlíðahverfi** Vörubílastæði við Bogatanga
- **Teiga- og Reykjahverfi** Skarhólbraut ofan Reykjavegar
- **Hlíðartúnshverfi** Við Aðaltún
- **Helgafellshverfi** Efst í Brekkulandi
- **Mosfellsdalur** Á bílastæði við Þingvallaveg.

Íbúðagötur verða hreinsaðar í maí og verður miðum með nánari upplýsingum dreift í hús þegar nær dregur.

### HREINSUNARDAGUR 2. MAÍ

Laugardaginn 2. maí verður hreinsunarátak á opnum svæðum bæjarins og meðfram byggingarsvæðum. Afturelding og Skátar munu að venju aðstoða við hreinsunina. Allir íbúar Mosfellsbæjar eru velkomnir til þátttöku í hreinsunarátaki Mosfellsbæjar.

Umhverfissvið Mosfellsbæjar



Staðsetning gáma fyrir garðaúrganga

# Förum heilbrigð inn í sumarið



MOSFELLSBÆR

## Heilsuvika í Mosfellsbæ 27. apríl til 2. maí

Vikan 27. apríl til 2. maí verður heilsuvika í Mosfellsbæ. Mosfellingar eru af því tilefni hvattir til að nota tækifærið og skerpa á heilbrigðum lífsháttum sínum. Heilsuvika í Mosfellsbæ er tilvalið tækifæri til þess að setja af stað eitt allsherjar fjölskylduáttak þar sem allir taka höndum saman í eina viku og neyta hollrar fæðu og stunda útvist og hreyfingu og fara þannig saman heilbrigð inn í sumarið.

**Heilsuvikunni lýkur með heilsudeginum, laugardaginn 2. maí, sem hefst kl. 12. Heilsutengd skemmtidagskrá verður í Íþróttamiðstöðinni að Varmá og keppt verður í Fjölskyldu- og skemmtihlaupinu.**

Frítt í sund fyrir alla í Varmárlaug kl. 10-15.

Hoppukastali fyrir börnin.

**Dagskrá heilsudagsins 2. maí kl. 12-14 Íþróttamiðstöðinni að Varmá:**

### Fjölskyldu- og skemmtihlaup

Allir fá þáttökupening! Þriggja km og fimm km vegalengdir auk styttra leikskólahlaups. Leikskólahlaupið hefst kl. 11:45, hlaupið verður einn hringur á vellinum. Fígúrus frá Leikfélagi Mosfellsveitar verða á staðnum. Þriggja og fimm kílómetrahlaupið hefst kl. 12:30 við Vallarhúsið. Forskráning í íþróttahúsinu. Þáttökugjald kr. 1.000 - Frítt fyrir leik- og grunnskólabörn.

### Himnesk hollusta

Heilsugúróinn Sólveig Eiríksdóttir, Solla, sem rekur heilsufyrirtækið Himneska hollusta, verður með ýmis konar fróðleik um hollustu og heilbriggt mataræði og miðlar af þekkingu sinni í matreiðslu og neyslu grænmetisfæðis.

### Ráðgjöf um mataræði

Guðrún Adólfssdóttir matvælafræðingur frá Sýni verður á staðnum milli kl. 12 og 14 og svarar öllum spurningum er tengjast næringu – munið að allar spurningar eru leyfðar.

### Blóðþrýstingsmælingar og hæðarmælingar

Hjúkrunarfræðingur frá Heilsugæslunni verður á staðnum og býður upp á blóðþrýstingsmælingar fyrir þá sem þess óska og hæðarmælingar og fleira skemmtilegt fyrir börnin.

### Beinvernd

Fulltrúi frá Beinvernd, landssamtaka áhugafólks um beinþynningu, mælir beinþéttni í þeim sem þess óska, en mæling á beinþéttni er mikilvægur þáttur eða vísbending sem segir til um hættuna á því að brotna af völdum beinþynningar.

### Hjartavernd

Fulltrúi frá Hjartavernd kynnir starfsemi Hjartaverndar og mikilvægi heilbrigðra lífshátta sem forvörn gegn hjarta- og æðasjúkdómum. Sérstaklega verður fjallað um konur og hjartasjúkdóma.



*Stýriþópur ljóðheilsuverkefnisins „Allt hefur áhrif – einkum við sjálf“ í Mosfellsbæ*

**ALLT HEFUR ÁHRIF - EINKUM VIÐ SJÁLF**



## Opinn kynningarfundur

Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ heldur opinn kynningarfund um skólann í Listasal Mosfellsbæjar í Kjarna Þverholti 2, þriðjudaginn 5. maí kl. 20.

Á fundinum verða helstu þættir skólastarfsins kynntir, þar á meðal stefna og hugmyndafræði, kennsluhættir og námsframboð.

Við hvetjum alla sem áhuga hafa á að kynna sér nýjan framhaldsskóla Mosfellinga að mæta á fundinn og taka þátt í umræðum.

Skólameistari

## Margt smátt gerir eitt stórt

Ágætu Mosfellingar !!!

Nú sem aldrei fyrr, þörfumst við stuðnings ykkar.

Meistaraflokkur karla í knattspyrnu spilar í 1. deild á 100 ára afmæli Aftureldingar. Þar fer lið sem er fyrirmynd allra fótboltakrakka Mosfellsbæjar.

Gífurleg vinna fjölda sjálfbóðaliða hefur haldið starfinu uppi undanfarnin misseri, en betur má ef duga skal. Stærsti styrktaraðili liðsins hefur dregið í land og er því mikil þörf á stuðningi allra bæjarbúa.

„Margt smátt gerir eitt stórt“ segir orðatiltækið. Ef öll heimili í Mosfells-

bæ sæju sér fært að leggja 1.000 kr. af mörkum myndi léttu verulega á fjárhagsáhyggjum þeirra sjálfbóðaliða sem leggja nótt við dag að halda rekstrinum gangandi.

Koma svo Mosfellingar, stöndum saman og styrkjum strákana okkar !

Reikningsnúmer mfl. ráðs karla er: 0549-26-3390 og kt. 470201-3390

Með bestu kveðjum og fyrirfram þakklæti. Meistaraflokksráð karla í knattspyrnu hjá Aftureldingu.

Sjáumst á vellinum í sumar.

Árni Bragason formaður  
meistaraflokksráðs karla



## Hlaup er góð leið til heilsubótar

Áhugi á að hlaup sér tilheilsubótar og hverskonar hreyfingu hefur aukist mjög á undanförunum árum. Það er gleðileg og góð þróun. Já, það er gott að vera úti í fríska og góða loftinu okkar og taka vel á því. Að hlaupa er nú bara þannig að það tekur alltaf vel á. Hvað er það sem gerir hlaup svona heillandi? Svörin eru mismunandi eins og mennirnir eru margir. Fyrir suma er það tilfinningin að vera heilbrigður, fyrir aðra er það ánægjan að afreka eitthvað og enn aðrir sækjast eftir félagsskapnum.

Nú er vorið komið og við með fiðring í tánun. Loksins eru skipulagðar hlaupaæfingar að hefjast hjá Skokkhóp Mosfellsbæjar eða bara Mosóskokk eins og við köllum hann. Við erum með alla aðstöðu í World Class í Lækjarhlíðinni og hittumst þar þrisvar í viku á þriðjudögum og fimmtudögum klukkan 17:30 og á laugardagsmorgnum klukkan 10. Mæting er í anddyri World Class stundvíslega og ekki er beðið eftir þeim sem koma of seint. Í hverri viku er sent til ykkar æfingaáætlun fyrir yfirstandandi viku, mikilvægt er að allir reyni að fylgja henni.

Skipulagið er þannig:

Á þriðjudögum er hlaupið frá 5 og upp í 11 kílómetra allt eftir getu hvers og eins.

Á fimmtudögum eru sprettæfingar, hlaup og styktaræfingar á eftir.

Á laugardögum er farið hægt og langt.

Þessi skokkhópur er ætlaður öllum. Allir ættu að finna eitthvað við



sitt hæfi, við byrjum að hita upp og förum fyrstu metrana öll saman síðan skiptast leiðir eftir getu og sumir fara styttra meðan aðrir fara lengra síðan hittast allir og gera styrktar- og teygjuæfingar á eftir inn í World Class eða úti á grasi.

Sú ákvörðun að byrja að hlaupa getur verið erfið fyrir marga en eftir fyrsta hlaupið er ákveðnum áfanga náð. Fyrir þá, sem hafa hug á að byrja á þessari iðju, þarf að byrja á því að fara rólega af stað, og aðalatriðið er að fá sér góða hlaupaskó sem henta. Það er ekki spurning að það er hvetjandi að hlaupa með öðrum hvort sem það er vinnufélagi, vinur eða að vera í hlaupahóp. Skemmtilegur félagsskapur og léttar samræður draga auk þess úr andlegu álagi og líkamlegu andlegu orka endurnýjast. Hlaupahópur gefur manni gott aðhald og þar myndast alveg spes stemmning þannig að maður gerir allt til þess að missa ekki úr tíma sem hefur þau áhrif að manni fer stöðugt fram því regluleg og markviss þjálfun kemur manni í betra þolform og maður verður ánægðari með lífið og tilveruna.

Regluleg hreyfing er fjárfesting til heilsu og sýnt hefur verið fram á að það er aldrei of seint að byrja að hreyfa sig.

Sjáumst á þriðjudaginn 28. apríl klukkan 17:30 í anddyri World Class í Íþróttamiðstöðinni að Lækjarhlíð. Hlaupakveðja.

Halla Karen Kristjánsdóttir  
íþróttakennari



**Næsta blað kemur út:**

**Miðvikudaginn 15. maí**

(skilafrestur efnis 11. maí)

[mosfellingur@mosfellingur.is](mailto:mosfellingur@mosfellingur.is)



Hægt er að skoða Mosfellingur á internetinu

[www.mosfellingur.is](http://www.mosfellingur.is)



MOSFELLSBÆR

# Skóli til framtíðar

Mosfellsbær býður til skólaþings laugardaginn 16. maí kl. 9-12.

Markmiðið er að sækja hugmyndir og skoðanir til íbúa Mosfellsbæjar sem og fagfólks á sviði skólamála. Í Mosfellsbæ er metnaðarfullt skólastarf með leik- og grunnskólum, Listaskóla og í haust hefst rekstur framhaldsskóla. Foreldrar, nemendur og aðrir áhugasamir um framtíð skólamála í Mosfellsbæ eru hvattir til að mæta, taka þátt og hafa áhrif.

## Hvers vegna skólaþing?

Stefnt er að því að endurskoða skólastefnu Mosfellsbæjar. Skólaþinginu er ætlað að vera vettvangur bæjarbúa og annarra sem áhuga hafa á að hafa áhrif á málefni skóla bæjarins. Afrakstur þingsins verður nýttur til vinnu við endurskoðun á skólastefnu Mosfellsbæjar.

Skólaþingið verður haldið laugardaginn 16. maí kl. 9-12 í Lágafellsskóla.

VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSÆKNI UMHYGGJA

# Auglýsing frá yfirkjörstjórn Suðves við alþingi

Við alþingiskosningar 25. apríl



## Kalli kjúklingur sigraði í hópaleik

Hópurinn Kalli kjúklingur fór með sigur af hólmi í hópaleik Aftureldingar í getraunum. Keppni lauk síðastliðinn laugardag. Pétur Magnússon, fyrrum formaður knattspyrnu-deildar og Ágúst Logi sonur hans skipuðu sigurhópinn. Pétur gat ekki mætt á lokahöfðið og því tóku Ágúst Logi og Magnús, yngri sonur Péturs, við verðlauninum. Nýr hópaleikur hefst næsta haust þegar að enski boltinn byrjar að rúlla að nýju.



## Hvíti Riddarinn á sigurbraut

Hvíti Riddarinn er á sigurbraut þessa dagana en liðið hefur unnið alla þrjá leiki sína í Lengjubikarnum. Hvíti Riddarinn vann Álfanes og Ægi eftir hörkleiki og í síðustu viku burstaði liðið Skallagrím 7-0. Síðasti leikur Hvíta Riddarans í riðlakeppninni er gegn KFG á gervigrasvellingum að Varmá næstkomandi sunnudag. Liðið er skipað ungu Mosfellingum en meðalaldurinn er í kringum tuttugu ár.



## Risa markaður í ReMax húsinu

Knattspyrnudeild Aftureldingar verður með risa markað í ReMax húsinu við hliðina á Króunni 1.-3. maí. Lagersala á leikföngum á spott prís. Nokkur glæný fjallahjól, fyrstur kemur fyrstur fær. Flóamarkaður á kantinum þar sem klinkið er í fullu gildi. Svo verður að sjálfsgöðu vöflum og veitingasala líka. Spurning hvort við höfum eignast okkar Kolaport í Mosó?

### B-listi Framsóknarflokksins:

- 1. Siv Friðleifsdóttir**, kt. 100862-8089, alþingismaður, Bakkavör 34, Seltjarnarnesi.
- 2. Helga Sigrún Harðardóttir**, kt. 121269-3929, alþingismaður, Skipholt 62, Reykjavík.
- 3. Gestur Valgarðsson**, kt. 020255-2189, verkfræðingur, Bæjartúni 15, Kópavogi.
- 4. Una María Óskarsdóttir**, kt. 190962-7849, uppeldis- og menntunarfr., Hjallabrekku 34, Kópavogi.
- 5. Styrmir Þorgilsson**, kt. 090579-4609, tónlistarmaður, Hrísríma 9, Reykjavík.
- 6. Bryndís Bjarnarson**, kt. 170664-5159, nemi, Skeljatanga 11, Mosfellsbæ.
- 7. Hlína Melsteð Jóngeirsson**, kt. 180880-6079, kerfisstjóri, Staðarbergi 8, Hafnarfirði.
- 8. Sigurbjörn Rafn Úlfarsson**, kt. 191266-5959, heimsp. og vélvirkjameistari, Litlabæjarvör 25, Álftanesi.
- 9. Eyþór Rafn Þórhallsson**, kt. 230462-4969, verkfræðingur og dósent, Urðarhæð 4, Garðabæ.
- 10. Ólaf Pálína Úlfarsdóttir**, kt. 181056-4449, námsráðgjafi og formaður LFK, Efstahjalla 7, Kópavogi.
- 11. Ólafur Daði Eggertsson**, kt. 211285-2739, afgreiðslumaður, Klappakór 1a, Kópavogi.
- 12. Elín Jóhannsdóttir**, kt. 030286-3249, háskólanemi, Vesturtúni 53b, Álftanesi.
- 13. Sveinn Halldórsson**, kt. 010855-4899, húsamíðameistari, Hjallabraut 1, Hafnarfirði.
- 14. Ásta Björk Benediktsdóttir**, kt. 240266-4319, verslunarmaður og kennari, Krókabyggð 3a, Mosfellsbæ.
- 15. Guðmundur Ragnar Björnsson**, kt. 010177-3759, sagn- og tækni-fræðingur, Berjavöllum 3, Hafnarfirði.
- 16. Alexander Arnarson**, kt. 141273-3889, húsamálari og formaður handknattleiksdeildar HK, Fróðabæing 5, Kópavogi.
